Öryggis- og heilbrigðisáætlun

fyrir byggingarvinnustaði

Fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 17

Öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarvinnustaði
© Vinnueftirlitið 2002
Texti: Sigfús Sigurðsson
Stuðst að hluta við efni frá Vinnueftirlitinu í Danmörku
í þýðingu Harðar Bergmann.
Umsjón: Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir
Teikningar og kápa: Böðvar Leós
Umbrot: Birtir fjölmiðlun
Prentun og bókband: Gutenberg
2. prentun júni 2005

ISBN 9979-863-27-7

Efnisyfirlit

Inngangur ..... Bls. 7

I. hluti – Helstu skyldur aðila

Hvað telst byggingarframkvæmd og mannvirkjagerð? ..... – 9
Hver er verkkaupi við byggingarframkvæmdir? ..... – 9
Ábyrgð og skyldur verkkaupans ..... – 10
Skipun samræmingaraðila ..... – 10
Skyldur samræmingaraðila ..... – 10
Undirbúningsstig verks ..... – 10
Framkvæmdastig verks ..... – 11
Verkefnastjóri eða byggingarstjóri ..... – 11
Skyldur atvinnurekenda eða verktaka ..... – 11
Skyldur hönnuða ..... – 12
Tilkynning til Vinnueftirlitsins áður en vinna hefst ..... – 12
Eyðublað ..... – 13
Hvað skal vera í útboðsgögnum og verksamningum? ..... – 14
Öryggishandbók fyrir byggingarsvæðið ..... – 14
Heimild verkkaupa til að fela öðrum skyldur ..... – 15
Öryggisráðstafanir á sameiginlegum svæðum ..... – 16
Fundir um öryggismál..... – 17
Samræming vinnuverndarstarfsins á byggingarsvæðinu ..... – 18
Þegar verkkaupinn er fyrirtæki í rekstri ..... – 18
Skýrsla vegna síðari framkvæmda ..... – 19

II. hluti – Öryggis og heilbrigðisáætlun
– Hvers vegna? Hver? Hvenær?

Tilgangur með öryggis- og heilbrigðisáætlun ..... – 20
Hvenær skal gera öryggis- og heilbrigðisáætlun? ..... – 20
Hver skal gera öryggis- og heilbrigðisáætlun? ..... – 20
Hvenær á áætlunin að liggja fyrir? ..... – 21
Áætlunin skal vera öllum aðgengileg ..... – 21
Uppfærsla áætlunarinnar ..... – 21
Dæmi um innihald öryggis- og heilbrigðisáætlunar ..... – 21
Skipulag vinnustaðarins ..... – 22
Yfirlitsteikning ..... – 22
Tímaáætlun ..... – 23
Lýsing á aðstæðum ..... – 23

Aðstæður í upphafi ..... – 23
Öryggisráðstafanir sem snerta marga ..... – 23
Starfsmannaaðstaða – önnur sameiginleg aðstaða ..... – 24
Áhætta sem fylgir framkvæmdum ..... – 24
Björgunar- og æfingaáætlun ..... – 24
Upplýsingar fyrir einstaka atvinnurekendur eða verktaka ..... – 25

III. hluti – Gátlisti
Almenn atriði ..... – 26
Listi yfir nöfn, heimilisföng, símanúmer og tengiliði byggingarvinnustaðarins..... – 26
Öryggisnefnd ..... – 26
Ábyrgðaraðilar öryggis- og heilbrigðisáætlunar ..... – 26
Tímaáætlun ..... – 26
Almennar reglur ..... – 26
Afmörkun og samræming ..... – 27
Á teikningu af skipulagi og staðsetningu þarf að koma fram. – 27
Starfsmannaaðstaða og skrifstofur ..... – 27
Aðgangs- og flutningsleiðir ..... – 27
Slys og slysavarnir ..... – 28
Önnur atriði ..... – 28
Hættusvæði – Hættuleg vinna ..... – 28
Svæði þar sem margs konar vinna fer fram samtímis ..... – 28
Vinna t.d. á þökum, vinnupöllum og í hálfbyggðum húsum og mannvirkjum ..... – 28
Jarðvegsframkvæmdir ..... – 29
Vinnuvélar og tæki ..... – 29
Vélbúnaður ..... – 29
Vinna með hættuleg og varasöm efni ..... – 29
Loftræsting ..... – 29
Líkamsbeiting ..... – 29
Hreinsun á rusli og efnisafgöngum, þrif ..... – 29
Vinna sem gerir sérstakar kröfur ..... – 30
Eldvarnir ..... – 30
Persónuhlífar ..... – 30
Flóttaleiðir..... – 30
Lýsing ..... – 30
Vinnupallar ..... – 30
Lausir stigar ..... – 30

Skilgreiningar ..... – 31

Önnur fræðslu- og leiðbeiningarrit í þessari ritröð..... – 32

Inngangur

Við byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð eru slys og óhöpp algeng hér á landi eins og víðast hvar erlendis. Mörg þeirra má rekja til skipulagsleysis á byggingarvinnustað. Mikið er um fallslys af margvíslegu tagi svo eitthvað sé nefnt. Það er álit flestra að bæta megi öryggismál mikið við þessa starfsemi en til þess þarf nýjar aðferðir. Þær þurfa að fela í sér m.a. meiri ábyrgð verkkaupa á skipulagi og samræmingu verkþátta.

Árið 1997 tóku gildi hér á landi reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Reglur þessar voru settar með hliðsjón af tilskipun sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Markmið reglnanna er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á þessum stöðum. Sérstaklega er fjallað um ábyrgð og skyldur þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum. Skilgreint er hlutverk verkkaupa, verkefnastjóra, atvinnurekenda, verktaka og samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana bæði á undirbúnings- og framkvæmdarstigi verks.

Mörg ný ákvæði eru í reglunum sem ekki var að finna í eldri reglum um öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum. Í því sambandi má t.d. nefna ábyrgð verkkaupa. Með þessum reglum eru lagðar á hann skyldur sem honum ber að uppfylla við byggingarframkvæmd. Honum ber t.d. að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana bæði á undirbúnings- og framkvæmdarstigi verks. Verkkaupa ber einnig að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem samtímis starfa tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar á sama byggingarvinnustað og starfsmenn eru fleiri en tíu. Slíka áætlun skal einnig gera ef vinna er hættuleg.

Með þessum leiðbeiningabæklingi er reynt að auðvelda öllum þeim, sem vinna að byggingarframkvæmdum og mannvirkjagerð, að átta sig á ábyrgð sinni og skyldum við framkvæmdina. Bæklingnum er skipt upp í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er farið yfir skyldur aðila, s.s. verkkaupa og annarra sem hann hefur valið til að gegna skyldum fyrir sig, s.s. samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana. Í öðrum hluta er fjallað um gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar, gerð grein fyrir hvernig standa skuli að gerð áætlunarinnar og hvað sé nauðsynlegt að hafa í slíkri áætlun. Í þriðja og síðasta hluta

eru sett fram dæmi um atriði sem þarf að skoða við gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunarinnar eða gátlista sem notaðir verða á byggingarvinnustað.

Byggingarframkvæmd og mannvirkjagerð er afar mismunandi að umfangi og það sama getur gilt fyrir öryggis- og heilbrigðisáætlanir. Eins getur haft áhrif hvar framkvæmdin fer fram, t.d. í byggð eða utan byggðar, og sá starfsmannafjöldi sem hún krefst.

Mörgum kann að finnast gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar nokkuð flókið verk. Því var ákveðið að gefa þessar leiðbeiningar út til að auðvelda það verk. Eins skal bent á að sérstakir aðilar, s.s. verkfræði- og ráðgjafastofur, taka að sér slík verk fyrir þá sem það kjósa.

I. hluti
Helstu skyldur aðila

Hvað telst byggingarframkvæmd og mannvirkjagerð?

Með byggingarframkvæmdum og mannvirkjagerð er m.a. átt við vinnu við:

- að reisa byggingar og mannvirki, þ. á m. vinnu við að setja saman einingar
- vegalagningu, jarðgangagerð, brúarsmíði, hafnargerð o. fl.
- uppgröft og jarðvinnslu í tengslum við ofangreint
- röra- og kaplalögn
- endurnýjun og standsetningu
- viðgerðir og viðhald í sambandi við ofangreint
- að taka niður og taka sundur það sem hér hefur verið nefnt
- breytingar eða uppsetningu búnaðar
- viðhald

Sjá nánar I. viðauka í reglunum.

Hver er verkkaupi við byggingarframkvæmdir?

Verkkaupi við byggingarframkvæmdir er sá einstaklingur eða lögaðili sem lætur reisa byggingar eða önnur mannvirki og greiðir kostnaðinn.

Það geta t. d. verið:

- einstaklingar
- fyrirtæki
- opinberar eða einkareknar stofnanir
- félög
- byggingarfélög.

Sá aðili, sem lætur reisa bygginguna, telst verkkaupinn. Ef framkvæmdaraðili byggir t. d. fyrir eigin reikning með sölu fyrir augum, eða ef samið hefur verið um að notandinn kaupi bygginguna eftir að verkinu er lokið, telst framkvæmdaraðilinn verkkaupi í báðum tilvikum.

Sama gildir um byggingar sem leigja á út. Þá telst eigandinn, sá sem leigir út, vera verkkaupinn.

Ábyrgð og skyldur verkkaupans

Verkkaupi við byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð ber ábyrgð samkvæmt vinnuverndarlögunum á því að:

- móta öryggisráðstafanir og verklagsreglur á sameiginlegum svæðum, sjá bls. 15–16.
- samræma vinnuverndarstarfið á vinnusvæðinu
- skipa samræmingaraðila á undirbúningsstigi verks
- skipa samræmingaraðila á framkvæmdarstigi verks
- gera eða sjá til þess að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun við skipulag og rekstur byggingarvinnustaðarins eða mannvirkisins
- tilkynna Vinnueftirlitinu um vinnustaðinn áður en framkvæmdir hefjast
- o.fl.



Ábyrgð og skyldur verkkaupans eru eins og lýst er hér að ofan þegar byggingarframkvæmdum eða mannvirkjagerð er þannig háttað að tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar eru með fleiri en 10 starfsmenn í vinnu á svæðinu. Þetta gildir enda þótt verkkaupinn hafi samið við einn aðalverktaka sem kann að hafa ráðið undirverktaka til starfa á staðnum.

Verkkaupinn á að fylgjast stöðugt með fjölda starfsmanna og atvinnurekenda á byggingarvinnustaðnum. Honum ber að setja það skilyrði í útboði að hann fái jafnóðum tilkynningu um undirverktaka og fjölda þeirra sem starfa hverju sinni á svæðinu hjá hinum einstöku fyrirtækjum.

Skipun samræmingaraðila

Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana á undirbúnings- og framkvæmdarstigi verks til starfa á byggingarsvæði þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki er að störfum.

Skyldur samræmingaraðila

Undirbúningsstig verks

Verkkaupi skal á hönnunar- og undirbúningsstigi verks gera ráðstafanir sem tryggja að við framkvæmd verksins verði unnt að gæta

fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Á undirbúningsstigi verks skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana sjá til þess að gerð verði öryggis- og heilbrigðisáætlun.

Framkvæmdarstig verks

Hlutverk samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdarstigi verks er m.a. að:

a samræma framkvæmd forvarna og öryggisráðstafana við skipulagningu og tímasetningu hinna ýmsu verkþátta sem eiga að fara fram samtímis eða hver á eftir öðrum

b. samræma aðgerðir til að tryggja öryggi allra, sem vinna að framkvæmd verks á byggingarvinnustað, og fylgja öryggis- og heilbrigðisáætlun sem gerð hefur verið fyrir verkið

c. framkvæma, eða sjá til þess að framkvæmdar verði, nauðsynlegar breytingar á öryggis- og heilbrigðisáætluninni

d. miðla upplýsingum og skipuleggja samstarf milli atvinnurekenda, hvort sem þeir vinna samtímis eða hver á eftir öðrum á byggingarvinnustað

e. samhæfa aðgerðir til að tryggja að réttum vinnuaðferðum sé beitt með tilliti til öryggis og heilsuverndar

f. gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins þeir, sem þangað eiga erindi, fái aðgang að byggingarsvæðinu.

Sami aðili getur gengt skyldum samræmingaraðila bæði á undirbúnings- og framkvæmdarstigi verks, ef henta þykir.

Verkefnastjóri eða byggingarstjóri

Verkefnastjóri er aðili sem ber ábyrgð á skipulagi, framkvæmd eða eftirliti með verki og starfar í þágu verkkaupa. Verkkaupi getur falið verkefnastjóra að gegna skyldum sem verkkaupa eru falin.

Skyldur atvinnurekenda eða verktaka

Atvinnurekendur eða verktakar sem hafa tekið að sér vinnu á bygg-

ingarvinnustað skulu hlíta öllum reglum, sem gilda á vinnustaðnum og lúta að öryggi og heilbrigðisráðstöfunum, einkum er varðar eftirfarandi þætti:

- reglufestu og hreinlæti
- meðferð hinna ýmsu efna
- geymslu á efni einkum ef um hættulegt efni er að ræða
- brottflutningi á efni, sérstaklega hættulegu efni
- eftirliti og viðhaldi búnaðar áður en hann er tekinn í notkun og meðan hann er í notkun
- staðsetningu starfsstöðva með tilliti til aðgengis
- samstarfi við aðra verktaka og þá sem sjá um samræmingu öryggismála.

Skyldur hönnuða

Hönnuðir, sem verkkaupi hefur ráðið til að vinna við hönnun á byggingu eða mannvirki, bera skyldu til að vinna eftir þeim reglum sem í gildi eru. Það á ekki síst við um þau atriði sem varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi þeirra sem munu starfa við bygginguna eða mannvirkið sem verið er að hanna hverju sinni. Það er eðlilegt að þeir ræði við verkkaupa um skyldur hans, t.d. um gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar fyrir verkið. Hönnuðir geta tekið þátt í gerð áætlunarinnar á undirbúningsstigi verks og þurfa að hafa góða samvinnu við samræmingaraðila á undirbúnings- og framkvæmdarstigi verks.

Tilkynning til Vinnueftirlitsins áður en vinna hefst

Verkkaupi eða aðili sem hann hefur falið umsjón byggingarframkvæmda, t.d. aðalverktaki, samræmingaraðili eða verkefnastjóri, skal senda tilkynningu um byggingarframkvæmd til Vinnueftirlitsins áður en vinna hefst á til þess gerðu eyðublaði, ef:

a. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis, eða

b. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna sé meira en 500 dagsverk.

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - Sími 550 4600 - Fax 550 4610 - veffang: www.vinnueftirlit.is

Tilkynning

til Vinnueftirlitsins um byggingarframkvæmd / tímabundna mannvirkjagerð

Í 3. lið 3. gr. regina nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð segir svo:

3. gr.

„3. Verkkaupi, eða aðili sem hann hefur falið umsjón byggingaframkvæmda t.d. verktaki eða verkefnastjóri, skal senda tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst sem er í samræmi við III. viðauka ef:

a. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis, eða

b. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinnan sé meira en 500 dagsverk.

Tilkynningin skal sett upp á áberandi stað á byggingarsvæðinu."

Nafn verkkaupa			Kt.
Heimilisfang	Póstnr.	Sveitarfélag	Sími

Byggingarstaður - Nákvæm staðsetning			Sími
Tegund verks			
Verkefnisstjóri (byggingarstjóri)			
Heimilisfang	Póstnr.	Sveitarfélag	Sími
Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála á undirbúningsstigi verks			
Heimilisfang	Póstnr.	Sveitarfélag	Sími
Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðismála á framkvæmdastigi verks			
Heimilisfang	Póstnr.	Sveitarfélag	Sími

Fyrirhugaður upphafsdagur verks á byggingarsvæði	Fyrirhuguð verklok
Áætlaður hámarksfjöldi starfsmanna á byggingarsvæðinu	Fyrirhugaður fjöldi verktaka á byggingarsvæðinu
Hvaða verktakar hafa þegar verið valdir	

Staður - dagsetning

F.h. verkkaupa

Hvað skal vera í útboðsgögnum og verksamningum?

Það er hlutverk verkkaupa að sjá til þess að í útboðsgögnum sé skilgreint á fullnægjandi hátt hvaða kröfur þarf að uppfylla varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á byggingarvinnustað, m.a. um hver á að gera hvað, hvaða reglur beri að uppfylla o.s.frv. Ef verkkaupinn ætlar öðrum að sjá um þau mál fyrir sína hönd skal það gert ljóst strax í útboðsgögnunum til að ekkert fari á milli mála í því sambandi. Mikilvægt er t.d. að samræmingaraðili á undirbúningsstigi verks sé valinn sem fyrst á hönnunarstiginu. Hlutverk hans er þá að sjá til þess að öryggismál séu samræmd, þ.e. milli mismunandi verktaka frá byrjun, og að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir framkvæmdina.



Þar sem verkkaupinn ræður þá, sem verkið vinna, getur hann haft veruleg áhrif á hvernig starfsumhverfið verður á væntanlegum byggingarvinnustað. Honum ber að skoða vandlega öryggis- og heilbrigðismálin áður en verk eru boðin út. Verkkaupi getur haft veruleg áhrif á starfsumhverfið meðan á byggingarframkvæmdum stendur með því að gera kröfur um að hættuminnsta byggingarefnið og byggingarhlutarnir séu valdir. Það getur einnig haft áhrif á starfsumhverfi í fullgerðum byggingum, t. d. inniloft. Varðandi kröfur í útboðsgögnum sjá einnig ábyrgð og skyldur verkkaupans bls. 10 og sameiginleg svæði bls. 16–17.

Öryggishandbók fyrir byggingarsvæðið

Samræmingaraðili skal varðveita og uppfæra öryggishandbók sem gilda skal fyrir alla framkvæmdina. Í henni á að vera öryggis- og heilbrigðisáætlunin sem unnin var á undirbúningsstigi verksins. Hann skal sjá um að uppfæra þá áætlun eftir þörfum. Í öryggishandbók eiga einnig að vera helstu lög, reglur og önnur skjöl sem fara ber eftir við verkið, svo og öll helstu gögn sem varða öryggi og heilbrigði sem samræmingaraðilinn vinnur eða lætur vinna á verktímanum. Hér skal varðveita upplýsingar um heimsókn eftirlitsmanna Vinnueftirlitsins, vinnuvélaskoðanir, eftirlitsaðferðir öryggisnefnda, skráningu slysa og óhappa, fundargerðir, upplýsingar um kosningu öryggistrúnaðarmanna og skipun öryggisvarða. Í öryggishand-

bók skulu vera skriflegar upplýsingar, fyrirmæli eða samkomulag við undirverktaka um það sem ætlast er til af þeim.

Heimild verkkaupa til að fela öðrum skyldur

Í reglunum er lögð sú skylda á verkkaupa að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki eru að störfum. Ástæðan er sú að ekki stunda allir verkkaupar við byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð slíka starfsemi að jafnaði eða hafa næga faglega þekkingu á þessu sviði. Það skilyrði er sett að sá, sem tekur á sig ábyrgð og skyldur verkkaupans, hafi þá sérþekkingu og burði sem til þarf. Verkkaupinn þarf að sýna fram á að gerður hafi verið skýr samningur um þetta og þarf hann að vera skriflegur til að ekkert fari á milli mála.

Áður er komið fram hver verkefni samræmingaraðila skulu vera. Samræmingaraðili ber ábyrgð á verkum sínum samkvæmt almennum reglum en í 7. gr. reglnanna kemur fram að verkkaupi, verkefnastjóri eða verktaki losni ekki undan ábyrgð sinni þótt skipaður hafi verið samræmingaraðili.

Í 3. gr. reglnanna kemur fram að auk skyldunnar til að skipa samræmingaraðila skuli verkkaupi sjá til þess að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun og sjá um tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Það eru þessar skyldur verkkaupa sem honum er heimilt að fela verkefnastjóra eða verktaka og skal slíkt samkomulag gert skriflegt. Ábyrgðin hvílir eftir sem áður á verkkaupa að sjá til þess að ofangreindar ráðstafanir hafi verið gerðar. Samræmingaraðili skal uppfæra öryggis- og heilbrigðisáætlunina þannig að hún sé jafnan í samræmi við aðstæður er verkinu vindur fram.

Sá sem tekur á sig verkkaupaábyrgðina getur ekki framselt hana til annarra. Verkkaupinn getur hvenær sem er afturkallað framsalið og gengist sjálfur í ábyrgðina eða falið hana nýjum aðila.

Sá, sem tekur á sig samræmingarábyrgð verkkaupans og ábyrgð á að öryggis- og heilbrigðisáætlunin sé endurskoðuð í samræmi við framvindu verksins, þarf helst að vera í fastri vinnu á staðnum. Til að samræma verkefnin, sem varða öryggi, aðbúnað og hollustuhætti,

skal samræmingaraðilinn vera til staðar á byggingarvinnustaðnum svo að starfsmenn og verktakar geti haft samband við hann persónulega. Þannig getur framsal ábyrgðar til verktaka, sem sér um allt verkið, eða aðalverktaka reynst heppilegra en að leita til fagaðila enda eru hinir fyrrnefndu viðlátnir allan byggingartímann. Taki fagaðili á sig ábyrgðina skal hann vera til staðar allan byggingartímann.

Þegar minnst er á skyldur verkkaupa hér á eftir á það einnig við þá sem kunna að hafa tekið að sér að uppfylla þær, t.d. samræmingaraðila.

Öryggisráðstafanir á sameiginlegum svæðum

Áður en framkvæmdir við byggingar eða önnur mannvirki hefjast skal verkkaupinn gera grein fyrir því hvar á byggingarsvæðinu verði umferð og hvar á svæðinu verði sameiginleg svæði. Sem dæmi um þau má nefna:

- umferðar- og aðgangsleiðir
- birgðasvæði
- svæði þar sem rusli og byggingarafgöngum er safnað
- vinnupalla
- göngubrýr
- starfsmannarými á svæðinu
- sérstök vinnusvæði þar sem nokkur fyrirtæki starfa samtímis.



Verkkaupinn skal semja við einstaka verktaka um hver taki að sér að setja upp búnað sem ætlaður er til sameiginlegs öryggis, halda honum við og taka loks niður. Til dæmis má nefna vinnupalla, handrið, lýsingu, umferðarleiðir og hreinsun á rusli. Þetta skal koma fram í öryggis- og heilbrigðisáætluninni.

Ef verktaki lætur undirverktaka annast hluta af verki skal hann semja við undirverktaka sína um hver gengur frá því sem ætlað er til að tryggja öryggi á sameiginlegum svæðum, heldur því við og tekur loks niður.

Skilgreina skal öryggisráðstafanir á sameiginlegu svæðunum þegar í útboðsgögnum þannig að kostnaður við þær komi inn í tilboðs-

upphæðina. Í útboðsgögnum og samningum skal reyndar koma fram á hvaða tímabili ábyrgð á öryggisráðstöfununum hvíli á einstökum verktökum. Komi á byggingartímanum í ljós að þessar upplýsingar eru ófullnægjandi skal bæta úr því.

Áætlanir verkkaupans skulu fela í sér að ráðstafanir, sem ætlað er að tryggja velferð starfsmanna, gagnist öllum, líka starfsmönnum sem annast verkefni sem taka stuttan tíma. Verkkaupinn skal sjá til þess að ljóst sé í samningum við verktaka hver skuli sjá til þess að svo geti orðið.

Verkkaupanum er ekki heimilt að drepa þessum skuldbindingum á dreif með því að setja almenn ákvæði í útboðsgögn um að hver verktaki um sig skuli annast þær ráðstafanir sem ætlað er að tryggja velferð starfsmanna hans.

Fundir um öryggismál

Verkkaupinn skal sjá um að haldnir séu fundir um öryggismál á vinnusvæðinu. Reglulega fundi ætti að halda minnst einu sinni í mánuði og mun oftar í stærri verkum. Þessa fundi ætti að tengja fundum sem haldnir eru um framkvæmdina. Sérstaka fundi um öryggismál skal halda ef alvarlegt slys verður, eitrun kemur upp eða annað, sem ógnar heilbrigði starfsmanna, eða óhapp verður sem skapar slíka hættu. Að öðru leyti skal efna til sérstakra funda um öryggi eftir þörfum.

Auk verkkaupans er heppilegast að allir atvinnurekendur og verktakar á staðnum eða fulltrúar þeirra taki þátt í fundunum, svo og öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn á staðnum.

Verkkaupinn boðar til öryggisfundanna og lætur skrá fundargerð. Þar skal gera grein fyrir því hvaða vandamál voru rædd, hver ber ábyrgð á að leysa þau og fyrir hvaða tíma það skal gert.

Fundargerðina skal senda öllum atvinnurekendum og verktökum, verkstjórum á byggingarvinnustaðnum, öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum sem þar kunna að vera. Aðrir aðilar sem kunna að hafa verið á fundinum skulu einnig fá fundargerð.

Verkkaupi skal sjá um að öryggis- og heilbrigðisáætlunin sé forsenda og bakgrunnur umræðna á fundum um öryggismál. Hann skal einnig sjá um að uppfærðar áætlanir, í samræmi við framgang verksins og breytingar sem verða á skipulagi vinnustaðarins, séu kynntar og ræddar.

Samræming vinnuverndar-starfsins á byggingarsvæði

Verkkaupinn skal samræma vinnuverndarstarfið hjá öllum atvinnurekendum og verktökum á svæðinu, og gildir það líka um undirverktaka sem hann hefur ekki gert samning við. Samræmingin fer þannig fram að verkkaupinn heldur sameiginlega fundi um öryggismál eða hefur beint persónulegt samband við þá sem málið varðar.



Ef verkkaupanum berst á milli funda vitneskja um atriði, sem varða öryggi og krefjast tafarlausra viðbragða, hefur hann samband við þann verktaka sem ber ábyrgð á öryggisatriðinu, sem um ræðir, í því skyni að fá úr því bætt.

Sé um meiri háttar framkvæmdir við byggingu eða önnur mannvirki að ræða, þar sem 50 starfsmenn eða fleiri starfa um lengri tíma, skal stofna öryggisnefnd byggingarvinnustaðarins. Í öryggisnefndinni skulu vera auk verkkaupans tveir öryggistrúnaðarmenn á vinnustaðnum og tveir fulltrúar atvinnurekendanna eða verktaka. Verkkaupinn er formaður öryggisnefndar. Telji Vinnueftirlitið og verkkaupi að vinnuverndarstarf á vinnusvæðinu geti gengið nægilega vel fyrir sig með því að haldnir séu öryggisfundir, þarf ekki að stofna öryggisnefnd. Ef öryggisnefnd starfar á byggingarvinnustað annast hún að jafnaði þau verkefni sem venjulega eru tekin fyrir á öryggisfundum. Fundir í öryggisnefndinni fara í megindráttum eftir því sem gerist á öryggisfundum að því er varðar fundarboð, fundatíðni og fundargerð.

Þegar verkkaupinn er fyrirtæki í rekstri

Sé verkkaupinn fyrirtæki og svo háttar til að framkvæmdirnar eru innan þess eða á yfirráðasvæði þess, þannig að starfsmenn fyrirtækisins geta orðið fyrir skaðvænlegum áhrifum af framkvæmdunum, ber verkkaupanum skylda til að hafa samstarf við starfsmennina um öryggis- og heilbrigðismál. Sama gildir ef aðstæður í fyrirtækinu ógna með einhverjum hætti öryggi og heilbrigði utanaðkomandi starfsmanna. Atvinnurekanda sem verkkaupa byggingarframkvæmda eða annarrar mannvirkjagerðar er skylt að hafa samstarf við aðra atvinnurekendur á svæðinu til að tryggja góð vinnuskilyrði allra sem þar starfa. Ef framkvæmdin er ætluð til eigin nota fyrirtæk-

isins ber verkkaupanum sem atvinnurekanda að sjá svo um að öryggisnefnd fyrirtækisins taki þátt í skipulagningu vinnustaðarins í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Skýrsla vegna síðari framkvæmda

Við stærri framkvæmdir skal samræmingaraðili á undirbúningsstigi verks vinna að gerð skýrslu þar sem fram koma mikilvægar upplýsingar um öryggi og heilbrigði sem hafa ber í huga við rekstur byggingarinnar eða mannvirkisins. Þessi skýrsla skal varðveitt af verkkaupa eða öðrum seinni eigendum og er henni ætlað að auðvelda viðhald og rekstur. Skýrsla þessi skal geymd ásamt teikningum og öðrum gögnum sem lýsa skipulagi byggingarinnar eða mannvirkisins. Skýrslan skal m.a. fela í sér upplýsingar um byggingarefni og viðhaldsáætlun og hvernig sé best og öruggast að standa að verki, t.d. við framkvæmdir sem talið er að geti verið hættulegar. Ef henta þykir getur öryggis- og heilbrigðisáætlunin verið hluti af þessari skýrslu.

II. hluti
Öryggis- og heilbrigðisáætlun – Hvers vegna? Hvenær? Hver?

Áður en byggingarsvæði er skipulagt ber verkkaupa að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem settar eru fram verklagsreglur er gilda á byggingarvinnustaðnum sem í hlut á. Í áætluninni skal m.a. mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir varðandi verk sem hafa í för með sér hættur fyrir starfsmenn og falla undir einn eða fleiri flokka sem tilgreindir eru í II. viðauka reglnanna.

Tilgangur með öryggis- og heilbrigðisáætlun

Tilgangurinn með gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar er að tryggja öllum, sem vinna við byggingarframkvæmdir eða aðra mannvirkjagerð, gott starfsumhverfi. Áætlunin á að verða til þess að tryggja sem öruggasta framkvæmd vinnunnar. Áætlunin er einnig stjórntæki fyrir sameiginlegt starf að öryggismálum á vinnustaðnum.

Hvenær skal gera öryggis- og heilbrigðisáætlun?

Gera skal öryggis- og heilbrigðisáætlun ef tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar eru samtals með fleiri en 10 manns í vinnu á byggingarvinnusvæðinu.

Hver skal gera öryggis- og heilbrigðisáætlunina?

Verkkaupa ber að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir byggingarsvæðið. Á undirbúningsstigi verks skal hann skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana sem skal hafa umsjón með því að slík áætlun sé gerð. Það getur verið við hæfi að sá aðili, sem hefur annast verkhönnunina, beri ábyrgð á fyrstu gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eða sé með í ráðum. En það getur einnig vel verið óháður aðili, t.d. ráðgjafarfyrirtæki, sem tekur að sér slíkt verk, einkum ef ráðgjafarfyrirtækið hefur sérhæft sig í slíkri vinnu. Á framkvæmdarstigi verks skal samræmingaraðili á því stigi m.a. sjá um að

unnið sé eftir þeirri áætlun og framkvæma, eða sjá til þess að framkvæmdar verði, nauðsynlegar breytingar á öryggis- og heilbrigðisáætluninni.

Hvenær á áætlunin að liggja fyrir?

Áður en vinna hefst skal gera öryggis- og heilbrigðisáætlun um skipulag og rekstur byggingarvinnustaðarins. Æskilegt er að þegar útboð fer fram sé áætlunin tilbúin sem samhangandi skjal og að hún hafi verið unnin með hliðsjón af því sem fram kemur í teikningum og aðstæðum á vinnustaðnum. Áætlunin skal liggja fyrir í heild áður en vinnan hefst.

Áætlunin skal vera öllum aðgengileg

Öryggis- og heilbrigðisáætlunin á að vera öllum á vinnustaðnum aðgengileg, þ. e. geymd á stað sem allir hafa aðgang að í vinnutíma, t.d. þar sem öryggisfundir eru haldnir. Áætlunin skal sett fram sem samhangandi skjal, sem t.d. má geyma í öryggishandbók þar sem allar upplýsingarnar er að finna.

Uppfærsla áætlunarinnar

Áætlunina skal uppfæra jafnt og þétt, a.m.k. jafnan þegar nýr áfangi framkvæmdanna er að hefjast og alltaf þegar breytingar verða á skipulagi vinnustaðarins. Ef tímasetning breytist skal færa það með viðeigandi hætti inn í áætlunina.

Dæmi um innihald öryggis- og heilbrigðisáætlunar

Áætlunin skal geyma upplýsingar sem hafa eða geta haft þýðingu fyrir sameiginlega öryggisstarfsemi á staðnum. Enn fremur skal hafa þar almennar öryggis- og hollustuháttaupplýsingar um staðinn sem varða alla sem þar starfa, s.s. skipulag byggingarvinnustaðarins, yfirlitsteikningu, neyðarsíma o.fl.

Upplýsingar um starfsemi hjá einstökum fyrirtækjum, sem getur skapað hættu fyrir aðra á svæðinu, skal hafa í áætluninni. Sem dæmi má nefna vinnu með lífræn leysiefni, rykmengun eða hávaða sem kann að fylgja vinnu. Hvert fyrirtæki getur sjálft annast nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum af slíku.

Leiðbeinandi gátlistar um atriði til skoðunar eru mikilvægir í öryggis- og heilbrigðisáætlun, sbr. III. hluta þessara leiðbeininga.

Skipulag vinnustaðarins

Hagnýtar upplýsingar þurfa að koma fram, s.s. nöfn, heimilisföng, símanúmer o.fl. eftir því sem við á hjá t.d:

a. verkkaupanum
b. hönnuðum/ráðgjöfum
c. þeim sem bera ábyrgð á gerð áætlunarinnar
d. samræmingaraðila öryggisráðstafana, þeim sem ber ábyrgð á uppfærslu áætlunarinnar

Einnig þarf að koma fram

e. uppbygging öryggisstarfsins og öryggisfundir
f. skipurit öryggismála fyrir stærri verk.

Yfirlitsteikning

Í öryggishandbók skulu vera teikningar sem sýna hvernig allt byggingarvinnusvæðið er skipulagt þannig að fram komi hvar t.d. eftirfarandi er staðsett:



- stjórn byggingarvinnustaðarins
- starfsmannarými, stjórnstöðvar, bílastæði.
- vélar og tæki, s.s. byggingarkranar og föst vinnusvæði, t.d. fyrir járnavinnu
- lýsing (vinnulýsing)
- sameiginlegar aðgangs- og flutningaleiðir fyrir ökutæki og gangandi, lyftur, stigar, hífing á efni, o.fl.
- efnisgeymslur fyrir hina ýmsu verktaka
- lagnir (rafmagn, vatn, frárennsli)
- aðstaða til skyndihjálpar (sími, brunavarnir o.fl.)
- lagnir sem fyrir eru í jörðu
- svæði sem bjóða sérstakri hættu heim, t.d. hrunhættu eða hættu vegna jarðvegsframkvæmda.

Tímaáætlun

Með hliðsjón af hönnunargögnum skal áætlunin geyma frekari útfærslu sem lýsir því hvernig einstök verkefni og verkhlutar eru skipulögð með tilliti til hvers annars. Í útfærslunni felst m.a. að greint er frá hvenær hinir ýmsu verktakar vinna að verkefnum á byggingarvinnustaðnum og hve mikill tími er ætlaður til verksins. Tekið skal skýrt fram hvar og hvenær vinnunni fylgi sérstök hætta, sbr. II. viðauka reglnanna.

Lýsing á aðstæðum

Í áætluninni skal lýsa öllum aðstæðum, sem þýðingu hafa fyrir öryggi og heilbrigði, svo að tryggt sé að hinir ýmsu atvinnurekendur eða verktakar geti unnið að verkefnum sínum í samræmi við kröfur vinnuverndarlaganna. Í áætluninni skal m.a. koma skýrt fram hver hefur það hlutverk á hverjum tíma að setja upp öryggisbúnað sem gert er ráð fyrir í áætluninni, halda honum við og taka niður. Einnig skal geta um hvenær þetta skal gert. Þetta gildir um allt sem nefnt er hér á eftir:



Aðstæður í upphafi

Í áætluninni skal, með hliðsjón af því sem gefið er upp af hönnuðum eða ráðgjöfum, lýsa ráðstöfunum sem gripið er til í öryggisskyni, þ. á m. merkingum á:

- hvar leiðslur liggja í jörðu, staðsetningu háspennulína o.fl.
- hvar kunna að vera hættusvæði.

Öryggisráðstafanir sem snerta marga

Þegar gera þarf nauðsynlegar öryggisráðstafanir, sem snerta fleiri en einn verktaka, þarf að koma skýrt fram í áætluninni t.d. hver skal gera hvað, hvenær og hvaða gæðakröfur þarf að uppfylla. Sem dæmi skal nefnt, hvaða kröfur eru gerðar til vinnupalla, hvenær á að setja þá upp og hver á að gera það. Tryggja skal að vinnupallarnir fullnægi kröfum allra þeirra aðila sem ætlað er að nota þá við störf sín. Þeir verða því að henta fyrir alla vinnu sem fram fer á þeim.

Starfsmannaaðstaða – önnur sameiginleg aðstaða

Öll starfsmannaaðstaða, sem sett er upp á byggingarsvæðinu, skal uppfylla IV. viðauka C. hluta reglnanna. Kveðið skal á um í öryggis- og heilbrigðisáætlun hversu mikla aðstöðu skal setja upp og hver eigi að útvega hana. Aðstaðan skal sett upp áður en framkvæmdir hefjast og hún skal ávallt miðuð við þann mesta starfsmannafjölda sem þar starfar hverju sinni. Miða á áætlunina við að það, sem sett er upp, geri starfsumhverfið vistlegt og gott og sé öllum ætlað til afnota án tillits til þess hve langan tíma verk þeirra tekur eða þess hve margir eru að störfum hjá einstökum atvinnurekendum eða verktökum. Fram skal koma áætlaður fjöldi þeirra sem eiga að geta notfært sé aðstöðuna þegar unnið er við einstaka áfanga byggingarframkvæmdanna.

Áhætta sem fylgir framkvæmdum

Með hliðsjón af gögnum frá hönnuðum skal lýsa t.d. eftirfarandi:

- vinnu sem felur í sér sérstaka áhættu, sbr. II. viðauka reglnanna
- notkun hættulegra efna
- vinnuaðferðum sem kunna að ógna öryggi og heilbrigði
- sérstökum verkþáttum sem þrengja svigrúm til að nota venjubundnar öryggisráðstafanir
- verkþáttum sem fara óhjákvæmilega fram þar sem aðrir fara um, starfa eða dveljast.

Björgunar- og æfingaáætlun

Sé sérstök hætta á að starfsmenn lendi í varasömum vinnuaðstæðum, t.d. vegna efnanotkunar eða eldhættu, sprengingar eða

slyss, skal móta björgunar-, undankomu- og æfingaáætlun. Áætlunin skal tryggja að slíkar ráðstafanir séu samræmdar ef þörf er á því. Áætlunin skal geyma upplýsingar um tæki og búnað sem þörf er á, t.d. slökkvitæki, björgunarbúnað, viðvörunarkerfi, vöktun og það sem ætlað er til skyndihjálpar.

Upplýsingar fyrir einstaka atvinnurekendur og verktaka

Áætlunin skal geyma upplýsingar um hvernig skuli tryggja sem áfallaminnsta framvindu verksins. Þar á meðal skal taka fram hvar og hvenær einstakir atvinnurekendur eða verktakar geta:

- sett upp flytjanlegt starfsmannahúsnæði
- sett upp tæki og búnað (t.d. byggingarkrana, vinnupalla o. s. frv.)
- komið fyrir föstum vinnustöðum, s.s. fyrir járnavinnu, annarri aðstöðu, t.d. sem vinna þarf við í skjóli
- komið fyrir efni á byggingarsvæðinu, s.s. byggingareiningum, rörum, timbri og ýmsu öðru byggingarefni
- losnað við rusl og afgangsefni
- tengt við rafmagn, vatn, frárennsli o.fl.
- notað sameiginlega aðstöðu, t.d. flutningaleiðir, krana, lyftur, vinnupalla o.fl.

Þá skal áætlunin innihalda sérstakar kröfur um framkvæmd verka eftir því sem tilefni er til, s.s. ráðstafanir til að draga úr hávaða og ryk- og efnamengun.

III. hluti.
Gátlisti

Í gátlistanum eru talin upp ýmis atriði sem fjalla þarf um í áætluninni. Listinn er ekki tæmandi.

Almenn atriði

Listi yfir nöfn, heimilisföng, símanúmer og tengiliði byggingarvinnustaðarins hjá:

- byggingarvinnustaðnum
- hönnuðum
- byggingarnefnd og byggingarstjóra
- verkkaupa
- verktökum
- samræmingaraðila
- Vinnueftirlitinu
- lögreglu
- sjúkraliði



Öryggisnefnd

- gera grein fyrir hverjir sjá um skipulag öryggismála

Ábyrgðaraðilar öryggis- og heilbrigðisáætlunar

- hvert er hlutverk hvers og eins við útfærslu og uppfærslu áætlunarinnar

Tímaáætlun

- hvenær eru hinir ýmsu atvinnurekendur eða verktakar með starfsemi á svæðinu og hvar
- hve margir starfa við hin ýmsu verkefni
- ráðstafanir í öryggis- og heilbrigðismálum sem eiga að koma inn í tímaáætlunina

Almennar reglur

- reglur sem gilda eiga á byggingarsvæðinu
- reglur um umgengni á byggingarsvæðinu
- reglur gildi fyrir alla, einnig fyrir þá sem eiga erindi á svæðið
- hvernig á að girða og merkja svæðið?

- fyrirbyggja eins og kostur er að óviðkomandi fari inn á svæðið
- hverjir mega hafa aðgang að svæðinu?

Afmörkun og samræming

- nöfn þeirra aðila sem bera ábyrgð á að koma upp sameiginlegum öryggisráðstöfunum, halda þeim við og taka þær niður
- aðferðir við eftirlit, t.d. með öryggisráðstöfunum og sérstakri áhættu

Á teikningu af skipulagi og staðsetningu þurfa að koma fram

- atriði sem varða þægindi og heilbrigði, s.s. vatn, frárennsli og rafmagn
- umferðarleiðir bifreiða og tækja
- umferðarleiðir og aðgengi starfsmanna
- efnisgeymslur fyrir hina ýmsu byggingarhluta og starfsgreinar
- fastar vinnustöðvar, t.d. fyrir járnabindingar
- vinnuvélar og hjálpartæki, s.s. kranar, lyftur og vinnupallar
- gámar fyrir rusl og afgangsefni
- vinnulýsing í vinnurými og vinnusvæði
- leiðslur í jörðu, þ.á m. merkingar á lögnum sem fyrir eru
- hættusvæði, þar sem krafist er persónuhlífa
- viðvörunar-, slökkvi- og björgunarbúnaður, undankomuleiðir, sími og tengi- og rafmagnstöflur

Starfsmannaaðstaða og skrifstofur

- staðsetning
- allt skipulag þarf að taka mið af fjölda starfsmanna og stærð vinnusvæðis
- nægjanlegur búnaður

Aðgangs- og flutningsleiðir

- aksturslei ðir
- bílastæði
- aðgangsleiðir fyrir fótgangandi
- aðgangur frá bílastæði að starfsmannarými
- göngubrýr og tröppur
- aðgangsleiðir innan byggingar
- flutningur efnis um svæðið

Slys og slysavarnir

- hvað skal gert til að fyrirbyggja slys?
- hvernig skal bregðast við slysum?
- skyndihjálparbúnaður
- þjálfun starfsmanna
- fræðsla starfsmanna
- æfingar fyrir starfsmenn
- björgunarlið
- sjúkrastofa
- sjúkraflutningar
- skráning vinnuslysa
- skráning hér-um-bil-slysa
- tilkynning til Vinnueftirlitsins um slys á þar til gerðu eyðublaði

Önnur atriði

Hættusvæði – hættuleg vinna

- svæði þar sem varasamt ryk myndast, t.d. stein- eða steinullarryk
- svæði þar sem myndast þungt loft og óþefur þannig að þörf er á sérstakri loftræstingu
- hávaði
- geislun
- hátt eða lágt hitastig
- vinna við hættulegar aðstæður
- viðbragðsáætlun vegna hættuástands

Svæði þar sem margs konar vinna fer fram samtímis

- samræma verkefni
- gagnkvæmar öryggisráðstafanir

Vinna t.d. á þökum, vinnupöllum og í hálfbyggðum húsum og mannvirkjum

- vinna í hæð
- uppsetning fallvarna
- handrið, aflokun og merkingar
- göt í gólfum og veggjum
- frágangur stiga
- áhrif vetrarveðra, aflokun að reistu burðarvirki, vinnupallar og aðrir opnir staðir

Jarðvegsframkvæmdir
- ráðstafanir vegna hættu á hruni og jarðvegsskriði
- kröfur við skurði
- merkingar og girðingar

Vinnuvélar og tæki
- viðeigandi og hentug tæki til að hífa og lyfta hvort sem um efni eða fólk er að ræða
- kröfur til lyftibúnaðar
- starfsreglur um hífingar
- kröfur til vinnuvéla

Vélbúnaður
- vélar uppfylli kröfur varðandi öryggisbúnað, s.s. hlífa- og stjórnbúnað
- kröfur til rafbúnaðar

Vinna með hættuleg og varasöm efni
- velja hættuminnstu efnin
- aðrar ráðstafanir sem geta þarf um vegna notkunar hættulegra eða varasamra efna
- hvaða varasöm og hættuleg efni verða notuð?
- listi yfir efni
- öryggisleiðbeiningar um notkun efna
- upplýsingar til starfsmanna
- geymsla efna
- persónuhlífar við meðhöndlun efna

Loftræsting
- athuga loftræstingu
- afsog vegna mengunar

Líkamsbeiting
- meðferð þungra byrða
- vinna í þrengslum
- flutningur og afhending efnis
- notkun hjálpartækja og búnaðar sem gera vinnuskilyrði þægilegri

Hreinsun á rusli og efnisafgöngum, þrif
- þrif og hreingerningar
- ryksugun

- snjóruðningur
- sandur eða salt borið á

Vinna sem gerir sérstakar kröfur
- ráðstafanir til að upplýsa starfsmenn um að hættuleg vinna fari fram, t.d. merkingar eða afgirðing svæðis
- vinna sem krefst sérstakra leiðbeininga eða sérþekkingar, s.s. við niðurrif á asbesti eða við notkun á lífrænum leysiefnum
- vinna sem krefst vöktunar og áætlunar um undankomu, t.d. vinna inni í leiðslum, geymum eða ef ætla má að súrefnisskortur geti orðið í rýminu
- vinna sem getur valdið sérstakri hættu
- vinna þar sem mikilvægt er að allt sé gert í réttri röð

Eldvarnir
- slökkvitæki
- annar nauðsynlegur búnaður

Persónuhlífar
- hvaða persónuhlífar ber að nota á vinnusvæðinu?
- reglur um notkun persónuhlífa, t.d. hjálma, öryggisskóa, öryggisgleraugna, heyrnahlífa, öryggislína, öryggisbelta
- persónuhlífar við mismunandi vinnuaðstæður

Flóttaleiðir
- flóttaleiðir ákveðnar
- flóttaleiðir merktar
- flóttaleiðir skulu vera greiðfærar
- neyðarlýsing á flóttaleiðum

Lýsing
- lýsing á vinnusvæðum
- lýsing á aðgangs- og umferðarleiðum

Vinnupallar
- vinnupallar valdir með hliðsjón af vinnu sem á að framkvæma
- ábyrgð á uppsetningu, viðhaldi og að taka niður

Lausir stigar
- allir stigar uppfylli lágmarkskröfur um efnisval
- álstigar uppfylli kröfur staðla

Skilgreiningar

Byggingarvinnustaður eða byggingarsvæði: staður þar sem byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð fer fram.

Verk: mannvirkjagerð eða byggingarstarfsemi hverrar tegundar sem er.

Verkkaupi: einstaklingur eða lögaðili sem lætur vinna verk.

Verktaki: hver sá sem með verksamningi tekur að sér að vinna verk.

Verkefnastjóri (byggingarstjóri): einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á skipulagi, framkvæmd eða eftirliti með verki, og starfar í þágu verkkaupa.

Atvinnurekandi: sá sem rekur atvinnustarfsemi hvort sem hann hefur einn eða fleiri starfsmenn í vinnu, eða er sjálfstætt starfandi einstaklingur.

Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á undirbúningsstigi verks: einstaklingur eða lögaðili sem falið er, meðan á undirbúningi verkhönnunar stendur, að hafa umsjón með því að skyldur á undirbúningsstigi verks séu ræktar.

Samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdarstigi verks: einstaklingur eða lögaðili sem falið er, meðan framkvæmd stendur yfir, að hafa umsjón með því að skyldur á framkvæmdarstigi verks séu ræktar.

Öryggishandbók: mappa þar sem öryggis- og heilbrigðisáætlunin er geymd og einnig helstu lög, reglur og önnur skjöl sem fara ber eftir við verkið.

Starfsmannarými er eftirfarandi:
A: Búningsherbergi, fatahengi, fataskápar og þurrkaðstaða.
B: Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.
C: Matstofur og kaffistofur.

Önnur fræðslu- og leiðbeiningarit í þessari ritröð

Nr. 1 **Öryggi við notkun drifskafta** (útg. 1983)
Nr. 2 **Varúð – asbest** (14 bls., útg. 1984)
Nr. 5 **Jarðgangagerð** (20 bls., útg. 1985)
Nr. 7 **Varúð! – lífræn leysiefni** (26 bls., útg. 1986, 1995 m. breyt. Endurskoðuð útgáfa 2000)
Nr. 8 **Öryggi við notkun dráttarvéla** (24 bls., útg. 1986). Reglur sem prentaðar eru aftast í bæklingnum eru fallnar úr gildi varðandi vélar árgerð 1997 og yngri. Nú gilda reglur nr. 580/1995
Nr. 9 **Starfsmannarými** (40 bls., útg. 1988. Komnar eru nýjar reglur um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 í stað þeirra sem birtar eru aftast í ritinu.)
Nr. 10 **Rétt líkamsbeiting** (19 bls. , útg. 1989, 2. útg. 2001)
Nr. 12 **Færanlegar vinnulyftur** (25 bls., útg. 1994)
Nr. 13 **Vellíðan í vinnunni** (21 bls., útg. 1994)
Nr. 14 **Vinna við tölvu** (24 bls., útg. 1995)
Nr. 15 **Líffræðilegir skaðvaldar** (25 bls., útg. 1999)
Nr. 16 **Vinnuskipulag og líðan fólks** (17 bls., útg. 2000)